

Mál í umsagnarferli.

Varðar mál 727. Áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.

Ég undirrituð bý á Lambastöðum í Flóahreppi. Ég sit í sveitarstjórn Flóahrepps, í minnihluta. Á síðasta fundi sveitarstjórnar kom til umræðu umsögn um mál nr. 727. Áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.

Ég gat ekki staðið að þeirri bókun sem meirihlutinn lagði fram og kom með sér bókun varðandi málið.

Mér var síðan tjáð í tölvupósti af sveitarstjóra og oddvita Flóahrepps að einungis umsögn meirihlutans færi sem umsögn sveitarstjórnar til atvinnuveganefndar Alþingis.

Í því ljósi sendi ég bókun mína til Atvinnuveganefndar en orðrétt segir í fundargerð Flóahrepps frá 2. maí 2012.

Svanhvít Hermannsdóttir bókar eftirfarandi:

„Hún fagnar tillögu um að setja virkjanir í neðri hluta Þjórsár í biðflokk. Umræddar virkjanir eru mjög umdeildar í samfélaginu sem sýndi sig í miklum fjölda athugasemda sem barst í athugasemdaferli Rammaáætlunar. Fulltrúi minnihluta sveitarstjórnar deilir ekki þeim sjónarmiðum með meirihlutanum að faglega hafi verið staðið að undirbúningi og umhverfismati. Þvert á móti hafi undirbúningur og rannsóknir miðað að því að fá ákveðna niðurstöðu. Ítrekað er að mikil andstaða er í samfélaginu gagnvart fyrirhuguðum virkjunum og ekki hefur tekist að hrekja þau sjónarmið að fyrirhugaðar framkvæmdir muni valda ómældum skaða”.

Eins og kemur fram í bókunni skeytur þetta mál samfélagið hér um slóðir. Fólk er ósátt með undirbúning og framgang málsins. Sem dæmi má nefna svokallaðar mótvægisáðgerðir sem Landvirkjun bauð Flóahreppi til að koma virkjun inn á skipulag. Var það í formi peninga, vatns- og vegalagna.

Lambastöðum 5. maí 2012.

Svanhvít Hermannsdóttir, 111055-3199.